

Áhættustefna

Nóvember 2022



Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Skilgreining áhættu.....	4
3. Áhættuvilji og áhættuþol	4
4. Eftirlitskerfi sjóðsins	5
5. Brot á stefnu og frávik	6
6. Áhættuþættir í rekstri	7
7. Áhættustýringarstefna	19
8. Eigið áhættumat	19
Viðauki I – Skilgreiningar	20



1. Inngangur

Hlutverk Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykka sjóðsins.

Áhættustefnan er sett af stjórn með vísan til 9. töluliðar 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Tilgangur stefnunnar er að auka öryggi í rekstri sjóðsins með það að markmiði að draga úr líkum á því að réttindi sjóðfélaga til greiðslu lífeyris skerðist sem og að stuðla almennt að góðum og öruggum rekstri.

Áhættustefna sjóðsins byggir á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglugerð 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða og reglugerð nr. 916/2009 um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar, með síðari breytingum. Áhættustefna tekur einnig mið af:

- ISO staðli 31000 um áhættustýringu
- Skýrslu OECD/IOPS: *Good practices for pension funds' risk management systems*
- Grein AIRMIC, Alarm og IRM: *A structured approach to Enterprise Risk Management (ERM) and the requirements of ISO 31000*
- Grein RIMS: *Executive Report – The Risk Perspective*

Hjá LV er lögð áhersla á góða yfirsýn stjórnar og stjórnenda yfir helstu áhættuþætti í rekstri sjóðsins og að stjórn og starfsmenn sjóðsins hafi þekkingu á hlutverki sínu í ferli áhættustýringar og eftirlits og taki virkan þátt í því. Mikilvægt er að stjórn, stjórnendur og aðrir starfsmenn taki tillit til áhættu við ákvarðanatöku eftir því sem eðlilegt er hverju sinni.

Inntak áhættustýringar: LV skilgreinir ferli áhættustýringar í samræmi við ISO staðal 31000 um áhættustýringu sem felur í sér fjölda þátta sem mynda eftirlitskerfi og gerir sjóðnum kleift að:

- bera kennsl á
- greina,
- vakta,
- meta og
- taka áhættu til meðferðar

Markmiðið er að gera sjóðnum kleift að stýra áhættu í starfsemi sjóðsins með því að taka áhættu til meðferðar. Að taka áhættu til meðferðar getur m.a. falist í því að:

- forðast áhættu,
- draga úr áhættu,
- yfirfæra áhættu eða
- taka áhættu meðvitað.

Það hvernig áhætta er tekin til meðferðar veltur m.a. á áhættuvilja stjórnar og áhættuþoli sjóðsins hverju sinni. Við áhættustýringu er lögð áhersla á viðeigandi og tímanlega upplýsingagjöf til að unnt sé að stýra áhættu í rekstri sjóðsins að því marki sem það er mögulegt hverju sinni.

Stefnumörkun stjórnar: Stjórn LV telur mikilvægt að áhættustefnan sé virk í starfsemi sjóðsins og að horft sé til hennar í ákvörðunarferlum hans:

- við stefnumótun,
- við innleiðingu sem og
- í daglegum rekstri



Sjóðurinn lítur svo á að með því að setja sér vandaða áhættustefnu og vinna samkvæmt henni sé sjóðurinn líklegri til að koma auga á áhættuþætti í rekstri og sé þannig betur í stakk búinn að takast á við þá. Allt ofangreint gerir sjóðinn betur í stakk búinn að ná markmiðum sínum og þannig auka traust allra haghafa til sjóðsins.

Endurskoðun: Áhættustefnuna skal endurskoða að lágmarki árlega eða þegar markverðar breytingar verða á áhættusniði sjóðsins.

2. Skilgreining áhættu

LV skilgreinir áhættu í starfsemi sjóðsins til samræmis við skilgreiningu í ISO staðli 31000 sem:

„áhrif óvissu á markmið“.

Áhrifin eru frávik frá því sem búist er við, bæði jákvæð og neikvæð, og eiga við um alla starfsemina.

Ofangreind skilgreining er víðari en skilgreining á hugtakinu áhætta eins og það er skilgreint í reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða en þar segir að áhætta sé:

„Hætta á fjárhagslegu tapi sem leiðir af atburði og fellur undir einn eða fleiri af þeim áhættuþáttum sem lífeyrissjóður skilgreinir.“

3. Áhættuvilji og áhættuþol

Hugtökin áhættuvilji og áhættuþol eru skilgreind til samræmis við skilgreiningar í reglugerð nr. 590/2017:

- Áhættuvilji: Sú áhætta sem stjórn er reiðubúin að taka
- Áhættuþol: Sú áhætta sem sjóðurinn þolir án þess að grípa þurfi til aðgerða

Áhættuvilji stjórnar endurspeglast í stefnu þessari þar sem m.a. kemur fram hvernig áhætta er skilgreind, hvernig hún er greind, vöktuð og metin og hvernig sjóðurinn tekur áhættu til meðferðar í þeim tilgangi að stýra og/eða draga úr áhættu.

Áhættuvilji stjórnar endurspeglast m.a. einnig í fjárfestingarstefnu, áhættustýringarstefnu, hluthafastefnu, samþykktum sjóðsins og öðrum stefnum og reglum.

Fjárfestingarstefna sjóðsins útlistar hvernig sjóðurinn hyggst ávaxta eignir sínar í þeim tilgangi að standa undir lífeyrisskuldbindingum og hámarka réttindi sjóðfélaga með tilliti til áhættuvilja stjórnar og áhættuþols sjóðsins á hverjum tíma. Þar kemur m.a. fram stefna og vikið sjóðsins í eignaflokkum ásamt fleiri vikiðum sem sjóðurinn hefur sett sér.

Í áhættustýringarstefnu eru lykilmælikvarðar áhættuvilja skilgreindir af stjórn ásamt því að útlistað er hvaða aðferðum sjóðurinn beitir við að stýra og/eða draga úr áhættu, hver ber ábyrgð á hverri tegund áhættu, hvernig áhætta er greind, hvernig hún er metin og hvernig skýrslugjöf er háttáð. Ef mælikvarðar í áhættuvilja fara út fyrir áhættuþol, þ.e. vikið, þá skal stjórn, framkvæmdastjóra og eftir atvikum öðrum aðilum gert viðvart.

Hluthafastefnan hefur það markmið að styðja við góða stjórnarhætti félaga og þróun þeirra. Í samþykktum sjóðsins eru settar fram þær reglur sem ætlað er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri.

Áhættuþol sjóðsins markast m.a. af aldurssamsetningu sjóðfélaga, lífeyrisbyrði sjóðsins og þeim lögum og reglum sem sjóðurinn ber að fylgja. Þar mætti t.d. nefna 39. gr. ÍsJl. þar sem kemur fram að leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að ef meira en 10% munur er á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga




er lífeyrissjóði skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum. Sama gildir ef munur samkvæmt tryggingafræðilegum athugunum á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfellt í 5 ár.

4. Eftirlitskerfi sjóðsins

Eftirlitskerfi sjóðsins er fjölpátta kerfi sem tekur til mannauðs, verklagsreglna og annarra aðfanga sem nauðsynleg eru til að hægt sé að sinna áhættustýringu og stjórnun áhættuþátta á fullnægjandi hátt. Eftirlitskerfið samanstendur af stefnumörkun, aðferðum og skýrslugerð sem nauðsynleg eru til að greina, meta, vakta og stýra áhættu með reglubundnum hætti og í einstökum tilfellum.

Stjórn, stjórnendur, starfsfólk, innri- og ytri endurskoðendur ásamt endurskoðunarnefnd sjóðsins koma að eftirlitskerfinu. Hér að neðan er yfirlitsmynd yfir eftirlitskerfi sjóðsins.



Fyrsta varnarlína er mynduð af stjórnendum og starfsfólki hvers og eins starfssviðs sjóðsins. Stjórnendur bera ábyrgð á rekstri sinna sviða og þeim áhættum sem fylgja. Til þess að lágmarka áhættu hefur hvert og eitt starfssvið viðeigandi ferla og eftirlit til staðar sem miða að því að tryggja að borin sé kennsl á áhættu, hún sé greind, mæld, fylgst sé með henni, henni stjórnað og hún tilkynnt. Fyrstu varnarlínu sjóðsins er ætlað að ganga úr skugga um að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við ytri og innri kröfur.

Aðra varnarlínu mynda stoðsvið sjóðsins sem styðja starfsfólk og stjórnendur við eftirlit og við að leggja mat á áhættuþætti í rekstri starfssviðanna. Þetta er m.a. gert með skipulegri vöktun, ráðgjöf, framkvæmd eftirlitsaðgerða, gerð úttekta og mat á hlítni.

Þriðja varnarlína sjóðsins er innri endurskoðandi. Hann framkvæmir áhættumiðaðar og almennar úttektir á fyrstu tveimur varnarlínunum. Í því felst m.a. að fara yfir fyrirkomulag innri stjórnarháttá, virkni ferla og aðferða til að ganga úr skugga um að fyrstu tvær varnarlínurnar séu traustar og



áhrifaríkar, að ferlarnir og aðferðirnar séu framkvæmdar og í stöðugri notkun. Innri endurskoðandi sinnir verkefnum sínum að fullu óháð hinum varnarlínunum.

4.1. Aðgreining starfa

Við framkvæmd og skipulag áhættustýringar hjá sjóðnum skal leitast við að halda sem mestri aðgreiningu milli þeirra sem taka áhættu fyrir sjóðinn annars vegar og þeirra sem mæla áhættuna hins vegar eða hafa eftirlit með starfsemi. Í því sambandi skal m.a. gæta þess að starfsmenn eignastýringar, sem er sú eining sem tekur fjárhagslega áhættu fyrir hönd sjóðsins, beri ekki ábyrgð á útreikningi á ávöxtun eigna né að framkvæma reglubundið eftirlit á því hvort eignasafn sé innan fjárfestingarstefnu og settra vikmarka. Til að tryggja sem best aðgreiningu starfa í þessu sambandi er:

- a) **framkvæmd áhættustefnu og áhættustýringarstefnu í höndum yfirmanns áhættustýringar** sem heyrir undir framkvæmdastjóra og hefur heimild til að gefa skýrslur milliliðalaust til stjórnar og endurskoðunarnefndar,
- b) þess gætt að **aðgreining sé milli deilda eignastýringar og áhættustýringar**. Starfsmenn áhættustýringar hafa lesaðgang að kerfum og gögnum eignastýringar sem þeir þurfa til að sinna starfi sínu í samræmi við áhættustefnu og áhættustýringarstefnu sjóðsins,
- c) mælt fyrir um það í starfslýsingu starfsmanna fjármálasviðs að þeir séu **sjálfstæðir í störfum sínum** og hafi heimild til milliliðalausrar upplýsingagjafar til framkvæmdastjóra, endurskoðunarnefndar og yfirmanns áhættustýringar,
- d) skipulag með þeim hætti að **starfsmenn áhættustýringar hafi allan nauðsynlegan aðgang að kerfum sjóðsins** í formi lesaðgangs sem og aðgang að öllum þeim gögnum sem nauðsynlegt er til að sinna starfi sínu í samræmi við áhættustefnu og áhættustýringarstefnu sjóðsins,
- e) regluleg **skýrslugjöf um áhættu** sjóðsins til framkvæmdastjóra, stjórnar og endurskoðunarnefndar á ábyrgð yfirmanns áhættustýringar,
- f) **skýrslugjöf um ávöxtun sjóðsins** til framkvæmdastjóra og stjórnar á ábyrgð fjármálastjóra og
- g) **mælt fyrir um aðgreiningu starfa** við framkvæmd og frágang verðbréfavíðskipta sjóðsins sem birtist í því að skv. starfslýsingum og verkferlum eru:
 - i. **verðbréfavíðskipti** á verksviði eignastýringar,
 - ii. **skráning verðbréfavíðskipta** í hlutabréfa- og skuldabréfakerfi LV á verksviði starfsmanna fjármálasviðs sjóðsins,
 - iii. **uppgjör víðskipta**, þ.e. kaup og sala, framkvæmd af gjaldkera
 - iv. **bókun verðbréfavíðskipta** í fjárhagsbókhald og afstemmingar verðbréfavíðskipta milli kerfa LV og fjárhagsbókhalds á verksviði starfsmanna fjármálasviðs sjóðsins

5. Brot á stefnu og frávik

Tilkynningar til stjórnar: Tilkynna skal stjórn um öll frávik sem hafa marktæk áhrif á rekstur sjóðsins.

Tilkynningar til framkvæmdastjóra og eignastýringar: Tilkynna skal framkvæmdastjóra og eignastýringu eins fljótt og auðið er ef frávik verða frá fjárfestingarstefnu, fjárfestingarheimildum og víðskiptaheimildum.

Tilkynningar til FME: Í samræmi við 14. Gr. reglugerðar nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða skal sjóðurinn tilkynna Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands (FME) hið fyrsta, þó eigi síðar en innan 10 virkra daga ef:

- a) upp koma tilvik um alvarleg frávik eða brot á skilgreindum mörkum áhættu, eða
- b) upp koma tilvik þar sem eftirlitskerfið tekur ekki með fullnægjandi hætti á skilgreindri áhættu sem sjóðurinn telur geta haft áhrif á rekstur sjóðsins.



Einnig skal FME tilkynnt án tafar fari fjárfesting sjóðsins fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt lögum nr. 129/1997. Lögmæltu hámarki skal náð í síðasta lagi innan þriggja mánaða sbr. 37. Gr. laga nr. 129/1997.

Tilkynning til FME skal innihalda upplýsingar um viðbrögð sjóðsins við tilgreindum frávikum.

6. Áhættuþættir í rekstri

Í þessum kafla er fjallað um þá áhættuþætti sem eru til staðar í rekstri sjóðsins. Áhættuþættirnir eru skilgreindir, listað er upp umfang og eðli hvers áhættuþáttar og hver afstaða sjóðsins er til þeirra. Í áhættustýringarstefnu sjóðsins er ítarlegri umfjöllun um hvern og einn áhættuþátt og þar er tilgreint hver er ábyrgðaraðili með meðferð áhættu, hver er ábyrgðaraðili með skýrslugjöf, mat er lagt á hvern áhættuþátt og skilgreindir eru áhættumælikvarðar.

6.1. Fjárhagsleg áhætta

Hætta á fjárhagslegu tapi vegna breytinga á markaðsvirði eigna sjóðsins, þar á meðal breytinga á vöxtum, gengi gjaldmiðla eða virði hlutabréfa.

6.1.1. Markaðsáhætta

Skilgreining: Hættan á fjárhagslegu tapi eða óhagstæðum breytingum á fjárhagslegri stöðu sem stafa beint eða óbeint af sveiflum á virði eigna.

Umfang áhættu: Eignir sameignardeildar LV voru 1.098 ma.kr. 30.9.2022 þar af voru um 56% fjármálagerninga með breytilegar tekjur.

Eðli áhættu: Áhættunni fylgir hætta á neikvæðum áhrifum á tryggingafræðilega stöðu sem getur leitt til lækkunar á lífeyrisréttindum þegar virði eigna með breytilegar tekjur lækkar. Áhættunni fylgja einnig tækifæri því þegar virði eigna með breytilegar tekjur eykst hefur það jákvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu sem styður við getu sjóðsins til að standa við skuldbindingar sínar.

Áhætta raungerist á hverjum degi þar sem virði undirliggjandi eigna sveiflast daglega, ýmist með breytingu á gengi skráðra fjármálagerninga eða atburða sem hafa áhrif á virði þeirra.

Afstaða til áhættu: LV er langtímafjárfestir og hefur það hlutverk að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri.

Samsetning sjóðfélaga, lengd skuldbindinga og lífeyrisbyrði eru á meðal þátta sem hafa áhrif á afstöðu til áhættu. Þann 30.9.2022 var lífeyrisbyrði sjóðsins um 65% og meðalaldur greiðandi sjóðfélaga lágur eða um 37 ár.

Vegna ofangreinds er sjóðurinn tilbúinn til að taka á sig sveiflur í virði eigna og þannig eiga möguleika á að fanga þau tækifæri sem áhættunni fylgja.

6.1.2. Gjaldmiðlaáhætta

Skilgreining: Gjaldmiðlaáhætta felst í þeirri hættu á að sveiflur á gengi krónunnar annars vegar og erlendra myntkrossa hins vegar geti haft neikvæð áhrif á eignastöðu sjóðsins.

Umfang áhættu: Eignir sameignardeildar LV voru 1.098 ma.kr. 30.9.2022 þar af voru um 42% í erlendri mynt.

Eðli áhættu: Áhættunni fylgir hætta á neikvæðum áhrifum á tryggingafræðilega stöðu sem getur leitt til lækkunar á lífeyrisréttindum. Þetta getur gerst við styrkingu krónunnar þar sem virði erlendra eigna lækkar í íslenskum krónum. Að sama skapi fylgir áhættunni einnig tækifæri þegar krónan veikist, þá



eykst virði erlendra eigna í íslenskum krónum sem hefur jákvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu og styður við getu sjóðsins til að standa við skuldbindingar sínar.

Áhætta raungerist á hverjum degi þar sem gengi gjaldmiðla sveiflast daglega.

Afstaða til áhættu: LV er langtímafjárfestir og hefur það hlutverk að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri.

Vegna strangra skilyrða í lögum nr. 129/1997 er lítil möguleiki fyrir lífeyrissjóði að verja gjaldmiðlaáhættu sína með afleiðum gagnvart erlendum myntum.

Erlendar eignir LV draga úr áhættu innlands hagkerfis og dregur úr samþjöppun.

Vegna ofangreinds er sjóðurinn tilbúinn til að taka á sig sveiflur í gengi gjaldmiðla og fanga þau tækifæri sem áhættunni fylgja.

6.1.3. Verðbólguáhætta

Skilgreining: Verðbólguáhætta er sú hætta að verðbólga valdi hækkun á lífeyrisskuldbindingum umfram raunávöxtun óverðtryggðra eigna.

Umfang áhættu: Allar skuldbindingar sjóðsins eru verðtryggðar. Eignir sameignardeildar LV voru 1.098 ma.kr. 30.9.2022 þar af var hlutfall verðtryggðra eigna um 27%. Aukin verðbólga hefur því meiri bein áhrif á skuldbindingar en eignir.

Mikil óvissa ríkir um málalyktir vegna úrvinnslu og uppgjors íbúðabréfa (HFF) í kjölfar þess að fjármála- og efnahagsráðherra kynnti þrjá valkosti varðandi ÍL-sjóð þar sem tveir valkostir eru annaðhvort að slíta sjóðnum með lagasetningu eða að komast að samkomulagi við eigendur skuldabréfanna um uppgjör. Þann 30.9.2022 var bókfært virði íbúðabréfa í sameignardeild LV um 90 ma.kr. sem samsvarar um 8% af eignum. Óvissan um málalyktir hefur í för með sér aukna verðbólguáhættu fyrir LV þar sem íbúðabréfin eru verðtryggð og ekki öruggt að hægt yrði að fjárfesta í verðtryggðum skuldabréfum.

Eðli áhættu: Áhættunni fylgir hætta á neikvæðum áhrifum á tryggingafræðilega stöðu sem getur leitt til lækkunar á lífeyrisréttindum. Þetta getur gerst þegar verðbólga eykst því allar skuldbindingar sjóðsins eru verðtryggðar en aðeins hluti eigna eru verðtryggðar. Sumir eignaflokkar hafa þó jákvæða fylgni við verðbólgu.

Ákveðin verðbólguvörn felst í erlendum eignum sameignardeildar, því umtalsverð veiking krónunnar mun líklega skila sér á endanum í hærra innlendu verðlagi. Sú vörn er einkum til lengri tíma því skammtímasveiflur í gjaldmiðlum koma ekki strax fram sem aukin verðbólga.

Afstaða til áhættu: LV er langtímafjárfestir og hefur það hlutverk að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri.

6.1.4. Vaxta- og endurfjárfestingaráhætta

Skilgreining: Hættan á að breytingar á vöxtum og lögum vaxtaferils leiði til lækkunar á virði skuldabréfa. Ef vextir hækka getur sjóðurinn þurft að innleysa gengistap við sölu á skuldabréfum sem keypt voru á lægri vöxtum. Jafnframt getur lækkandi vaxtaumhverfi leitt til lægri kaupávöxtunarkröfu nýrra skuldabréfa þegar núverandi skuldabréf eru á gjalddaga og þegar fjárfest er fyrir innflæði (endurfjárfestingaráhætta). **Umfang áhættu:** Eignir sameignardeildar LV voru 1.098 ma.kr. 30.9.2022 þar af eru um 41% í skuldabréfum. Af skuldabréfum eru 75% gerð upp á kaupávöxtunarkröfu þar sem stefnt er að halda þeim til gjalddaga. Breytingar á ávöxtunarkröfu hafa þar að leiðandi ekki áhrif á virði þessara skuldabréfa. Á móti eru 25% af skuldabréfum LV gerð upp á gangvirði og hafa breytingar á ávöxtunarkröfu þess vegna bein áhrif á virði þessara skuldabréfa.



Mikil óvissa ríkir um málalyktir vegna úrvinnslu og uppgjörðs íbúðabréfa (HFF) í kjölfar þess að fjármála- og efnahagsráðherra kynnti þrjá valkosti varðandi ÍL-sjóð þar sem tveir valkostir eru annaðhvort að slíta sjóðnum með lagasetningu eða að komast að samkomulagi við eigendur skuldabréfanna um uppgjör. Þann 30.9.2022 var bókfært virði íbúðabréfa í sameignardeild LV um 90 ma.kr. sem samsvarar um 8% af eignum. Óvissan um málalyktir hefur í för með sér aukna endurfjárfestingaráhættu fyrir LV.

Eðli áhættu: Áhættunni fylgir hættu á lækkun á tryggingafræðilegri stöðu sem getur leitt til lækkunar á lífeyrisréttindum. Þetta getur gerst þegar þegar ávöxtunarkrafa á markaði hækkar því þá lækkar virði þeirra skuldabréfa sem gerð eru upp á gangvirði. Áhættunni fylgja einnig tækifæri þegar ávöxtunarkrafa á markaði lækkar því þá hækkar virði þeirra skuldabréfa sem gerð eru upp á gangvirði. Þetta hefur jákvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu sem styður við getu sjóðsins til að standa við skuldbindingar sínar.

Afstaða til áhættu: LV er langtímafjárfestir og hefur það hlutverk að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri.

Fjárfesting í skuldabréfum er almennt talin áhættuminni fjárfesting heldur en fjárfesting í fjármálagerningum með breytilegar tekjur og skv. fjárfestingarstefnu sjóðsins er stefnt að því að um 40% af eignum séu í skuldabréfum.

6.1.5. Uppgreiðsluáhætta

Skilgreining: Hættan á því að skuldabréf verði greitt upp fyrir lokagjalddaga og sjóðurinn fái ekki þá ávöxtun sem gert var ráð fyrir við fjárfestingu.

Umfang áhættu: Eignir sameignardeildar LV voru 1.098 ma.kr. 30.9.2022 þar af eru 41% í skuldabréfum. Um 26% af skuldabréfum, um 110 ma.kr. eru uppgreiðanleg án uppgreiðsluþóknunar, þar af eru um 104 ma.kr. sjóðfélagalán.

Mikil óvissa ríkir um málalyktir vegna úrvinnslu og uppgjörðs íbúðabréfa (HFF) í kjölfar þess að fjármála- og efnahagsráðherra kynnti þrjá valkosti varðandi ÍL-sjóð þar sem tveir valkostir eru annaðhvort að slíta sjóðnum með lagasetningu eða að komast að samkomulagi við eigendur skuldabréfanna um uppgjör. Þann 30.9.2022 var bókfært virði íbúðabréfa í sameignardeild LV um 90 ma.kr. sem samsvarar um 8% af eignum. Óvissan um málalyktir hefur í för með sér aukna uppgreiðsluáhættu fyrir LV þar sem að af skilmálum skuldabréfanna leiðir að íbúðabréfin eru ekki uppgreiðanleg.

Eðli áhættu: Hættan er að skuldabréf verði greidd upp fyrir lokagjalddaga og sjóðurinn fái ekki þá ávöxtun sem gert var ráð fyrir. Þetta getur haft í för með sér hugsanleg neikvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu. Áhættan er viðvarandi á þeim hluta skuldabréfasafnsins sem er án uppgreiðsluákvæðis.

Afstaða til áhættu: Sjóðfélagalán eru uppgreiðanleg án uppgreiðslugjalds. Þegar önnur skuldabréf eru keypt eru m.a. vaxtakjör metin m.t.t. hvort uppgreiðsluákvæði séu á skuldabréfinu.

Ofangreint, ásamt því að kostnaður við endurfjármögnun húsnæðislána einstaklinga er lágur gerir sjóðinn berskjaldaðri gagnvart þessari áhættu þegar vextir fara lækkandi.

6.2. Mótaðilaáhætta

Hættan á fjárhagslegu tapi ef útgefandi fjármálagernings eða tengdur aðili stendur ekki við umsamdar skuldbindingar sínar eða hættan á fjárhagslegu tapi af fjárfestingu sjóðsins í útgefanda og tengdum aðilum.



6.2.1. Útlánaáhætta

Skilgreining: Sú áhætta að mótaðilar standi ekki skil á greiðslum af fjármálagerningum eða vegna samninga sem fela í sér útlánaígildi (e. credit exposure). Dæmi um slíka fjármálagerninga eru skuldabréf, víxlar, skuldaviðurkenningar og innlán, en dæmi um aðra samninga sem geta falið í sér útlánaígildi eru afleiðusamningar.

Umfang áhættu: Eignir sameignardeildar LV voru 1.098 ma.kr. 30.9.2022 þar af eru um 41% í skuldabréfum. Skuldabréf sjóðsins, sem hlutfall af eignum sjóðsins, skiptast þannig eftir flokkum:

- Ábyrgð ríkisins: 15,1%
- Sveitarfélög: 2,5%
- Sjóðfélagalán: 9,5%
- Sértryggð skuldabréf 5,5%
- Önnur veðskuldabréf og fasteignatengd skuldabréf 4,4%
- Önnur skuldabréf: 3,8%

Eðli áhættu: Áhættan getur haft í för með sér neikvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu sem getur leitt til lækkunar á lífeyrisréttindum. Það getur gerst ef mótaðilar standa ekki skil á greiðslum af fjármálagerningum.

Eðli áhættu fer m.a. eftir tegund mótaðila, efnahagsumhverfi, veðtryggingu og greiðsluhæfi mótaðila. Sem dæmi þá er stór hluti skuldabréfa sjóðsins gefinn út af ríkinu eða með ábyrgð þess, um 15% af eignum sjóðsins. Um 2,5% af eignum sjóðsins eru gefnar út af sveitarfélögum, 9,5% eru sjóðfélagalán yfir fimm þúsund lántaka.

Afstaða til áhættu: LV er langtímafjárfestir og hefur það hlutverk að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri.

Fjárfesting í skuldabréfum er almennt talin áhættuminni fjárfesting heldur en fjárfesting í fjármálagerningum með breytilegar tekjur. Samkvæmt fjárfestingarstefnu sjóðsins er stefnt að því að um 40% af eignum sjóðsins séu í skuldabréfum.

Staða skuldara í íslensku hagkerfi hefur almennt verið góð undanfarin ár sem hefur skilað sér í lægri vanskilum hjá sjóðnum.

6.2.2. Samþjöppunaráhætta

Skilgreining: Heildaráhætta í eignasafni sjóðsins á tiltekinn mótaðila og aðila tengdum honum.

Aðilar sem teljast til sömu samstæðu eða tilheyra hópi tengdra viðskiptamanna teljast sem einn aðili sbr. lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Það telst hópur tengdra viðskiptamanna ef öðru eftirtalinna skilyrða er fullnægt:

- a. Tveir eða fleiri lögaðilar sem, nema sýnt sé fram á annað, mynda eina áhættu vegna þess að einn þeirra hefur bein eða óbein yfirráð yfir hinum, eða
- b. Tveir eða fleiri lögaðilar þar sem enginn einn hefur yfirráð yfir hinum, eins og er skilgreint í a-lið, en þeir teljast til sömu áhættu vegna þess að þeir eru svo fjárhagslega tengdir að líkur eru á að ef einn þeirra lendir í fjárhagserfiðleikum, einkum í tengslum við fjármögnun eða endurgreiðslu skulda, eigi hinn aðilinn eða allir í erfiðleikum með fjármögnun eða endurgreiðslu skulda.

Forsendur og greining á þeim sem teljast til sama mótaðila eru byggðar á þeim upplýsingum sem sjóðnum eru tiltækar hverju sinni.



Umfang áhættu: Eignir sameignardeildar LV voru 1.098 ma.kr. 30.9.2022 þar af eru um 41% í skuldabréfum og um 56% í hlutabréfum.

Stærsti mótaðili sjóðsins er ríkið, sem ábyrgðaraðili eða beinn skuldari, með um 15% af eignum sjóðsins. Annar stærsti mótaðili sjóðsins og aðilar honum tengdum er tæplega 2,7% af eignum sjóðsins. Tíu stærstu mótaðilar og aðilar tengdir þeim, fyrir utan ríkið, er um 16% af eignum sjóðsins¹.

Eðli áhættu: Áhættan getur haft í för með sér samþjöppun á mótaðila og aðilum tengdum þeim. Of mikil samþjöppun getur haft neikvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu sem getur leitt til lækkunar á lífeyrisréttindum ef mótaðilar standa ekki skil á greiðslum af fjármálagerningum líkt og kemur fram í umfjöllun um útlánaáhættu hér að ofan. Það sama á við ef verð hlutabréfa gefur eftir. Áhætta eykst eftir því sem samþjöppun eykst, þ.e. ef einn mótaðili lendir í vandræðum þá geta aðrir tengdir aðilar einnig lent í vandræðum vegna eignatengsla eða fjárhagslegra tengsla.

Afstaða til áhættu: Til að draga úr áhættu hefur sjóðurinn sett sér viðmið varðandi hámark á einn mótaðila sem og aðilum tengda honum. Hægt er að sjá nánari upplýsingar í kafla 2.3 í fjárfestingarstefnu.

LV hefur sett sér reglur varðandi mótaðilaáhættu þar sem fram koma viðmið um hvernig sjóðurinn tengir saman fjárhagslega tengda aðila en forsendur og greining á þeim sem teljast til sama mótaðila eru byggðar á þeim upplýsingum og gögnum sem sjóðnum eru tiltækar hverju sinni.

6.2.3. Atvinnugreinaáhætta

Skilgreining: Sú hætta að fjárfestingar sjóðsins séu of tengdar einni atvinnugrein á sama efnahagssvæðinu.

Umfang áhættu: Eignir sameignardeildar LV voru 1.098 ma.kr. 30.9.2022 þar af eru um 58% tengdar mótaðilum á innlendum mörkuðum. Þar af eru um 15% með ábyrgð ríkisins, 2,5% eru skuldabréf sveitarfélaga, 9,5% eru sjóðfélagalán og sértryggð skuldabréf 5,5%. Eftir stendur um 25% af eignum sjóðsins þar sem mótaðilar eru hluti af innlendum atvinnugreinum. Þó skal hafa í huga að hluti af þessum mótaðilum hefur tekjur sínar að stórum hluta í erlendri mynt sem dregur úr áhættu gagnvart íslensku hagkerfi.

Eðli áhættu: Ef fjárfestingar sjóðsins eru of tengdar einni atvinnugrein á sama efnahagssvæðinu getur það haft í för með sér of mikla samþjöppun á atvinnugrein. Þannig getur samþjöppun haft neikvæð áhrif á getu sjóðsins til að greiða út lífeyri ef illa árar í tiltekinni atvinnugrein.

Afstaða til áhættu: Til að draga úr áhættu hefur sjóðurinn sett sér viðmið varðandi hámark á fjárfestingar í einni atvinnugrein á innlendum markaði. Markmiðið er að hver atvinnugrein skuli ekki fara yfir 15% af innlendum eignum, sú stærsta 30.9.2022 er um 9,5% af innlendum eignum.

Varðandi erlendar fjárfestingar þá fjárfestir sjóðurinn að mestu í alþjóðlegum hlutabréfasjóðum með vel dreifðum eignum. Sjóðurinn hefur sett sér það viðmið að atvinnugreinaskipting erlendra eigna sjóðsins sé sambærileg og atvinnugreinaskipting MSCI heimsvísitölu hlutabréfa.

6.2.4. Landsáhætta

Skilgreining: Hættan á að fjárfestingar sjóðsins séu of tengdar einu landi eða landssvæði.

¹ Ekki tekið tillit til sértryggðra skuldabréfa útgefin af innlendum lánastofnunum.



Umfang áhættu: Eignir sameignardeildar LV voru 1.098 ma.kr. 30.9.2022 þar af eru um 58% tengdar mótaðilum á innlendum mörkuðum. Þó skal hafa í huga að hluti af þessum mótaðilum hefur tekjur sínar að stórum hluta erlendis frá sem dregur úr áhættu gagnvart íslensku hagkerfi.

Í tengslum við erlendar fjárfestingar þá fjárfestir sjóðurinn að mestu í alþjóðlegum hlutabréfasjóðum með vel dreifðum eignum.

Eðli áhættu: Ef fjárfestingar sjóðsins eru of tengdar einu landssvæði getur það haft í för með sér neikvæð áhrif á getu sjóðsins til að greiða út lífeyri ef illa árar á því landssvæði.

Afstaða til áhættu: Vægi erlendra eigna sjóðsins hefur aukist undanfarin ár. Nú er stefna sjóðsins að um 45% af eignum sjóðsins séu í erlendum gjaldmiðlum. Þetta dregur úr landsáhættu gagnvart Íslandi en eykur áhættu gagnvart öðrum löndum mjög lítilllega því sjóðurinn fjárfestir að mestu í alþjóðlegum hlutabréfasjóðum með vel dreifðum eignum um allan heim. Að draga úr landsáhættu getur þýtt aukin gjaldmiðlaáhætta.

6.3. Lífeyristryggingaráhætta

Hættan á að sjóðurinn vanmeti lífeyrisskuldbindingar sínar vegna vanmats eða óvissu tengdum lýðfræðilegum þáttum, svo sem forsendum um dánar- og örorkutíðni auk forsendna um vexti og verðbólgu.

6.3.1. Áhætta tengd eigna- og skuldbindingajöfnuði

Skilgreining: Hættan á að eignir mæti ekki skuldbindingum til lengri tíma, sem má til að mynda rekja til óhagstæðra markaðsbreytinga sem hafa önnur áhrif á eignir en skuldbindingar. Einnig hafa breytingar á lýðfræðilegum forsendum áhrif, svo sem lífslíkur og örorkutíðni.

Umfang áhættu: Allur rekstur sjóðsins fellur undir þennan áhættuþátt, þ.e. allt frá móttöku iðgjalda og innheimtu þeirra, í fjárfestingum og lánastarfsemi sjóðsins, við útgreiðslu lífeyris og allur sá rekstur sem fylgir starfsemi. Það sem einnig hefur áhrif á áhættuþáttinn er efnahagsleg þróun, þróun á eignamörkuðum, lög og reglur á hverjum tíma ásamt lýðfræðilegum þáttum.

Heildarstaða, þ.e. áfallin- og framtíðarstaða, á eignahlið nam 1.716 ma.kr. 31.12.2021 á meðan heildarstaða á skuldbindingahlið nam 1.659 ma.kr. á sama tíma. Tryggingafræðileg staða sjóðsins var jákvæð um 3,5%.

Lýðfræðilegir þættir sem nefndir eru hér að ofan geta haft áhrif á tryggingafræðilegt uppgjör sjóðsins. Lífslíkur þjóðarinnar hafa aukist undanfarna áratugi sem þýðir að sjóðfélagar eru lengur á lífeyri. Þetta eykur á skuldbindingar sjóðsins að öðru óbreyttu. Það sama má segja um örorkutíðni þjóðarinnar, hún hefur verið að aukast sem þýðir hærri örorkuskuldbindingar sjóðsins.

Eðli áhættu: Eðli áhættu kemur fram í öllum þeim áhættuþáttum sem skilgreindir eru í kafla þessum.

Afstaða til áhættu: Sjóðurinn vandar til verka í allri starfsemi sjóðsins og fylgir eftir stefnum hans, þ.á.m. fjárfestingarstefnu, áhættustefnu og áhættustýringarstefnu, til að draga úr áhættu. Sjóðurinn fylgir einnig lögum og reglum til að draga úr áhættu.

6.3.2. Lýðfræðileg áhætta

Skilgreining: Hættan á að lýðfræðileg samsetning sjóðfélaga breytist á þann veg að skuldbindingar hækki umfram áætlanir. Helstu áhrifaþættir eru lífslíkur og örorkutíðni, sem og hvort sjóðfélagi verði í sambúð og eignist barn.



Umfang áhættu: Rúmlega 37 þúsund sjóðfélagar greiddu að jafnaði mánaðarlega til sjóðsins á árinu 2022 fram til 30.9.2022. Árið 2020 var heildarfjöldi greiðandi sjóðfélaga tæplega 48 þúsund. Lýðfræðilegir þættir sem nefndir eru hér að ofan geta haft áhrif á tryggingafræðilegt uppgjör sjóðsins. Lífslíkur þjóðarinnar hafa aukist undanfarna áratugi sem þýðir að sjóðfélagar eru lengur á lífeyri. Þetta eykur á skuldbindingar sjóðsins að öðru óbreyttu. Það sama má segja um örorkutíðni þjóðarinnar, hún hefur verið að aukast sem þýðir hærri örorkuskuldbindingar sjóðsins

Eðli áhættu: Breytingar á lýðfræðilegum þáttum gerast hægt en þær geta haft neikvæð áhrif á getu sjóðsins til að greiða út lífeyri.

Afstaða til áhættu: Sjóðurinn fylgist með, greinir og leggur mat á áhrif vegna breytinga á lýðfræðilegum þáttum.

6.3.3. Réttindaflutningsáhætta

Skilgreining: Hættan á að sjóðfélagar flytji réttindi sín úr séreignarleiðum sjóðsins.

Umfang áhættu: Um 5.000 manns hafa mánaðarlega greitt í séreignardeildir sjóðsins á árinu 2022. Eignir í séreignasjóðum eru um 26 ma.kr. 30.9.2022.

Eðli áhættu: Þeir aðilar sem eiga séreign hjá sjóðnum geta á hverjum tíma óskað eftir að færa þau til annarra sjóða. Ef margir óska eftir flutningi á sama tíma gæti það gerst að ekki væru til fjármunir til að flytja réttindin vegna þess að hægt gengur að selja eignir á móti.

Afstaða til áhættu: Við stýringu ávöxtunarleiða í séreign er horft til þess að stór hluti eigna sé auðseljanlegur.

6.3.4. Lausafjánhætta

Skilgreining: Hættan á að sjóðurinn hafi ekki yfir nægu lausu fé að ráða til að standa undir skuldbindingum sínum eða þurfi að selja eignir á óviðunandi verði.

Þetta getur átt við um hættu vegna útstreymis fjármuna, þ.e. að ekki sé hægt að standa við greiðslur í krónum eða erlendum myntum, t.d. vegna lífeyrisgreiðslna, skuldbindinga í fjárfestingarstarfsemi sjóðsins, útgreiðslu sjóðfélagalána eða vegna uppgjörs samninga.

Einnig getur þetta átt við um þá hættu að ekki sé hægt að selja tiltekinn fjármálagerning á viðunandi verði með stuttum fyrirvara. Slíkt getur komið til vegna óvenjulegra markaðsaðstæðna en einnig vegna eiginleika viðkomandi fjármálagernings.

Umfang áhættu: Rúmlega 37 þúsund sjóðfélagar hafa að jafnaði greitt mánaðarlega í sameignardeild LV um 3,2 ma.kr. á árinu 2022 fram til 30.9.2022. Árið 2021 var heildarfjöldi greiðandi sjóðfélaga tæplega 48 þúsund.

Að jafnaði, mánaðarlega, hafa um 22 þúsund sjóðfélagar fengið lífeyrisgreiðslur að fjárhæð 2,1 ma.kr. frá sjóðnum á árinu 2022 fram til 30.9.2022.

Lífeyrisbyrði, hlutfall greidds lífeyris af greiddum iðgjöldum, sameignardeildar sjóðsins 30.9.2021 var um 57%.

Til viðbótar er stór hluti eigna sjóðsins í auðseljanlegum eignum.

Eðli áhættu: Lausafjándi hjá sjóðnum gæti gert það að verkum að ekki væri hægt að greiða út lífeyri á tilsettum tíma. Vegna lágrar lífeyrisbyrðar sjóðsins og vænts greiðsluflæðis til sjóðsins eru litlar líkur á að skortur verði á lausafé til að greiða út lífeyri á næstu árum.



Afstaða til áhættu: Áhættan er lítil vegna lágrar lífeyrisbyrðar sjóðsins og vænts greiðsluflæðis til hans.

6.4. Rekstraráhætta

Hættan á fjárhagslegu tapi og/eða áhrif á orðspor sjóðsins vegna ófullnægjandi innri kerfa, stefnu eða verkferla, háttsemi starfsmanna eða ytri þátta.

6.4.1. Stjórnarhættir

Skilgreining: Stjórnarhættir snúa að samskiptum, hlutverkum og ábyrgð stjórnar, stjórnenda og starfsmanna sín á milli og gagnvart öðrum haghöfum og hvernig þessir aðilar vinna sameiginlega að því að ná fram markmiðum sjóðsins. Stjórnarhættir fela í sér fylgni við lög, góðar venjur og viðmið sem varða markmið og stefnur sjóðsins, hvernig rekstur hans er skipulagður, skilgreiningu á hlutverkum og ábyrgð, virkni innra eftirlits og hvernig upplýsingaflæði er háttað innan sjóðsins.

Umfang áhættu: Hjá sjóðnum starfa 58 starfsmenn og 8 aðilar skipa stjórn sjóðsins. Í kafla um skipulag áhættustýringar í áhættustýringarstefnu kemur fram hvernig ábyrgð og hlutverk skiptast á milli stjórnar, framkvæmdarstjóra, áhættustýringar, starfsfólks og annarra aðila.

Eðli áhættu: Að ágallar í uppbyggingu og skipulagi stjórnarháttá sjóðsins leiði til þess að hann sinni hlutverki sínu ekki með fullnægjandi hætti.

Afstaða til áhættu: Sjóðurinn leggur áherslu á góða stjórnarhætti við stefnumótun og daglega stjórnun sjóðsins. Sjóðurinn hefur gefið út stjórnarháttayfirlýsingu sem er aðgengileg á vef hans og í ársskýrslu. Með stjórnarháttayfirlýsingunni er sjóðfélögum, iðgjaldagreiðendum, opinberum aðilum, starfsmönnum og öðrum haghöfum veittar upplýsingar um stjórnarhætti sjóðsins. Yfirlýsingunni er jafnframt ætlað að styðja við góða stjórnarhætti hjá sjóðnum og styðja þannig við traustan rekstur.

6.4.2. Starfsmannaáhætta

Skilgreining: Almenn hætta á að uppsagnir eða veikindi starfsmanna leiði til rekstrarerfiðleika. Starfsmannaáhætta tekur einnig til mistaka starfsmanna.

Umfang áhættu: Hjá sjóðnum starfa 58 starfsmenn. Starfsfólk gegnir lykilhlutverki í því hlutverki sjóðsins að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykktá sjóðsins.

Það fer eftir eðli og umfangi hvers starfs fyrir sig hvort einn eða fleiri starfsmenn sinna hverju og einu starfi. Almenn er það þannig að í deildum sem sinna meginstarfsemi sjóðsins, þ.e. móttöku og innheimtu iðgjalda, í lánastarfsemi og eignastýringu, í lífeyrisdeild og þjónustuveri eru nokkrir starfsmenn sem sinna starfsemi deildanna.

Eðli áhættu: Hætta er á að uppsagnir eða veikindi starfsmanna geti leitt til rekstrarerfiðleika. Áhættuþátturinn tekur einnig á mistökum starfsmanna og í allri vinnu er möguleiki á mistökum.

Afstaða til áhættu: Sjóðurinn leggur ríka áherslu á vel skilgreinda og skýra verkferla sem gera starfsmönnum auðveldara fyrir að sinna sínum daglegu störfum.

Til að lágmarka möguleg mistök starfsmanna þá leggur sjóðurinn áherslu á innra eftirlit í verkferlum sjóðsins og jafnframt eru framkvæmdar reglulega eftirlitsaðgerðir. Innra eftirlit felst einnig í því að starfsmenn fara yfir störf annarra þar sem því verður við komið. Haldið er utan um verklag sjóðsins í gæðahandbók sem eykur öryggi í störfum hans og dregur úr áhættu.



6.4.3. Áhætta vegna svika

Skilgreining: Hætta á svikum sem valda sjóðnum tjóni, getur verið fjárhagslegt eða haft áhrif á orðspor. Áhættan getur snúið að svikum starfsmanna eða utanaðkomandi aðila.

Umfang áhættu: Hjá sjóðnum starfa 58 starfsmenn í mismunandi deildum og störfum. Sjóðurinn starfar í flóknu lagaumhverfi og hefur snertifleti við utanaðkomandi aðila á ótal marga vegu.

Eðli áhættu: Í hverskonar starfsemi, þ.m.t. lífeyrissjóðs, er alltaf einhver hættu á svikum, hvort sem er vegna starfsmanna eða ytri aðila.

Afstaða til áhættu: Sjóðurinn leggur ríka áherslu á vel skilgreinda og skýra verkferla sem draga úr áhættu vegna svika. Áhersla er lögð á innra eftirlit í verkferlum sjóðsins sem dregur einnig úr þessari áhættu. Innra eftirlit felst í aðgreiningu starfa, skilgreindum heimildum, yfirferð annars starfsmanns, eftirlitsaðgerðum og fleira.

Í 4. Kafla stefnunnar er gerð grein fyrir aðgreiningu starfa. Aðgreiningin er útfærð í starfslýsingum, verkferlum og innri reglum sjóðsins. Aðgreining starfa er mikilvægur þáttur í að lágmarka hættu á svikum.

6.4.4. Áhætta vegna upplýsingakerfa

Skilgreining: Hér undir fellur bæði áhætta vegna vél- og hugbúnaðar. Vél- og hugbúnaður sem sjóðurinn notar í daglegum rekstri þarf að standast kröfur og staðla um upplýsinga- og netöryggi og til staðar þarf að vera viðbúnaðaráætlun sem tryggir áframhaldandi rekstur ef upplýsingakerfi verða óvirk.

Umfang áhættu: Hjá sjóðnum er upplýsingatæknisvið sem kemur að rekstri upplýsingakerfa og útfærslu og viðhaldi á tölvukerfum sem snúa að kjarnastarfsemi sjóðsins.

Eðli áhættu: Við rekstur á upplýsingakerfum eru ýmsar hættur sem þarf að varast, t.d. villur í kerfum, tölvuárásir, niðritími kerfa o.s.frv. Undanfarin misseri hefur áhætta vegna netógnar aukist talsvert, bæði vegna þess að aðferðir við netsvik eru að verða þróaðri ásamt því að fjöldi tilrauna til svika hefur aukist í heiminum.

Afstaða til áhættu: Sjóðurinn tekur mið af leiðbeinandi tilmælum FME nr. 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila. Einnig er tekið mið af íslenskum stöðlum um upplýsingatækni og upplýsingaöryggi (ÍST ISO/IEC 27001 og 27002). Stjórn sjóðsins hefur staðfest öryggisstefnu vegna reksturs upplýsingakerfa, en öryggisstefnan er undirstaða öruggar meðferðar og varðveislu upplýsinga sem þýðingu hafa fyrir starfsemi sjóðsins. Öryggisstefnan er útfærð í öryggishandbók og verkferlum. Sjóðurinn hefur sett sér útvistarstefnu en þar kemur fram að þegar sjóðurinn útvistar hluta af upplýsingakerfum sínum í skýjalausn skuli fara fram ítarlegt áhættumat.

Sjóðurinn leitast stöðugt eftir því að uppfæra verklag og varnir ásamt því að fræða starfsfólk til að draga úr áhættu vegna netógnar sem og annarri áhættu vegna upplýsingakerfa.

6.4.5. Orðsporsáhætta

Skilgreining: Hættan á að orðspor sjóðsins bíði hnekki. Ef sjóðurinn fær á sig slæmt umtal getur það leitt til þess að traust sjóðfélaga minnkar á starfsemi sjóðsins sem getur leitt til þess að sjóðfélagar færi iðgjaldagreiðslur sínar frá LV. Þá getur slæmt umtal leitt til þess að réttthafar séreignar flytji eign sína til annarra sjóða, sem getur aukið lausafjárahættu.



Umfang áhættu: Sjóðurinn er stór á íslenskan mælikvarða og virkur á íslenskum verðbréfamörkuðum. Fjöldi sjóðfélaga og einstaklinga á lífeyri er mikill og sjóðurinn er áberandi í umfjöllun íslenskra fjölmiðla.

Eðli áhættu: Umfjöllun um sjóðinn getur haft neikvæð áhrif á orðspor sjóðsins hvort sem fréttáflutningur er réttmætur eða ekki. Umfjöllun getur m.a. komið til vegna fjárfestinga sjóðsins, vegna gjörða stjórnarmanna, stjórnenda eða starfsmanna eða vegna annarra þátta í rekstri sjóðsins.

Afstaða til áhættu: Sjóðurinn leggur áherslu á að gæta orðspors síns. Það felst það m.a. í áherslum á vönduð vinnubrögð, fylgni við lög og reglur, virka upplýsingagjöf og fylgni við siða- og samskiptareglur sjóðsins.

6.4.6. Pólitísk áhætta

Skilgreining: Áhættan af því að aðgerðir eða aðgerðarleysi stjórnvalda auki lífeyrisbyrði sjóðsins, auk annarra neikvæðra áhrifa sem óvissa um mögulegar stjórnvaldsaðgerðir kann að skapa. Undir þetta falla breytingar á lögum eða reglum um starfseminna eða túlkun þeirra sem valda verulegum breytingum á starfseminni. Þetta kunna t.d. að vera breytingar á lögum um lífeyrissjóði, uppgjorsreglum, skattalögum, lögum um aðra aðila sem hafa áhrif á starfsemi sjóðsins, eftirliti og eftirlitsreglum, heimildum til fjárfestinga o.s.frv.

Umfang áhættu: Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykktu sjóðsins. Sjóðurinn á umtalsverðar eignir, um 1.098 ma.kr. 30.9.2022 og heildarstaða, þ.e. áfallin- og framtíðarstaða, á eignahlið nam 1.716 ma.kr. 31.12.2021 á meðan heildarstaða á skuldbindingahlið nam 1.659 ma.kr. á sama tíma sem mynda réttindi sjóðfélaga.

Eðli áhættu: Í opinberri umræðu koma eignir lífeyrissjóðanna oft við sögu og ýmsar hugmyndir um hvernig megi nýta þá fjármuni og eignir sem þar eru. Þess vegna geta gjörðir löggjafans haft neikvæðar afleiðingar á getu sjóðsins til að greiða út lífeyri.

Afstaða til áhættu: Sjóðurinn leggur ríka áherslu á að lífeyrisréttindi sjóðfélaga eru stjórnarskrárvarin eignaréttindi og beitir sér málefnalega til þess að verja þau réttindi fyrir sjóðfélaga.

6.4.7. Skjalaáhætta

Skilgreining: Hættan á tapi vegna ófullnægjandi samningsgerða eða skilmála við mótaðila sjóðsins í fjárfestingum eða viðskiptum.

Umfang áhættu: Á bakvið hverja fjárfestingu sem sjóðurinn fer í eru fjöldi skjala og skilmála. Það sama á við um lánveitingar til sjóðfélaga og aðra samninga sem sjóðurinn gerir.

Eðli áhættu: Ef ákvæði og skilmálar samninga sem sjóðurinn gerir tryggir ekki réttindi sjóðsins á fullnægjandi hátt þá getur það haft neikvæð áhrif.

Afstaða til áhættu: Sjóðurinn leggur ríka áherslu á yfirferð skilmála þeirra samninga sem hann gerir. Hjá sjóðnum starfa lögfræðingar sem sjá um yfirferð samninga og eftir atvikum koma aðrir starfsmenn sjóðsins að yfirferð samninga sem og utanaðkomandi sérfræðingar.

6.4.8. Úrskurðaráhætta lífeyris

Skilgreining: Hætta á að lífeyrisúrskurðir séu ekki samkvæmt samþykktum. Kerfisbundin villa í úrskurði lífeyris, sem er í ósamræmi við samþykktir sjóðsins, getur gefið ranga mynd af stöðu sjóðsins og leitt til endurkrafna. Þá getur túlkun samþykktu falið í sér áhættu.

Umfang áhættu: Um 22 þúsund manns fá greiddan lífeyri mánaðarlega frá sjóðnum og rúmlega 37 þúsund manns greiða mánaðarlega iðgjöld til sjóðsins og mynda um leið lífeyrisréttindi.



Eðli áhættu: Ef úrskurðir eru ekki framkvæmdir samkvæmt samþykktum eða kerfisbundin villa er í úrskurði lífeyris getur það haft neikvæðar afleiðingar á getu sjóðsins til að greiða lífeyri.

Afstaða til áhættu: Áhersla er lögð á öguð vinnubrögð við framkvæmd lífeyrisúrskurða. Úrskurðir eru unnir af starfsmönnum lífeyrisdeildar sem hafa áralanga reynslu á því sviði. Áhersla er lögð á samkvæmni við túlkun samþykpta, gott samstarf við aðra lífeyrissjóði og skipulega skráningu og vistun ákvarðanna og forsendna þeirra.

Yfirlit yfir ráðstafanir til að draga úr áhættu vegna lífeyrisúrskurða:

- Lífeyrisúrskurðir eru framkvæmdir í réttindakerfi sjóðsins
- Allir úrskurðir um lífeyri eru yfirfarnir af tveimur starfsmönnum
- Lögfræðilegrar ráðgjafar leitað þegar á við
- Eftirlit stjórnenda með samanburði lífeyrisgreiðslna eftir tegundum og milli tímabila
- Yfirferð á breytingayfirlitum milli mánaða t.d. vegna nýrra einstaklinga sem fara á lífeyrieða breytingar verða á stofnupplýsingum
- Innri eftirlitsaðgerðir starfsmanna með úrtaksprófunum á úrskurðum
- Úttektir innri endurskoðanda

6.4.9. Áhætta vegna útvistunar

Skilgreining: Hættan á að aðgerðir útvistunaraðila leiði til rekstrarerfiðleika fyrir sjóðinn eða hafi neikvæð áhrif á orðspor sjóðsins.

Umfang áhættu: Í dag er ekki verið að útvista kjarnastarfsemi sjóðsins. Á hverjum tíma er lagt mat á hvort útvistun sé fýsilegur kostur fyrir tiltekið verkefni hverju sinni.

Eðli áhættu:

- Minni yfirsýn
- Minni aðgangur að verkferlum og skipulagi
- Útvistunaraðili uppfyllir ekki samninga
- Starfsmenn útvistunaraðila lúta ekki boðvaldi eða verkstjórn sjóðsins, þótt þeir gegni mikilvægum störfum fyrir hann
- Hæfni starfsmanna útvistunaraðila er ófullnægjandi
- Fjárhagsstaða útvistunaraðila er ófullnægjandi
- Samningar taka ekki á gjaldþroti útvistunaraðila
- Uppsagnarfrestur er ekki nægilega skýr þegar útvistunaraðila er ekki að skila tilætluðum árangri
- Útvistunaraðili misfer með trúnaðarupplýsingar

Afstaða til áhættu: Sjóðurinn hefur sett sér útvistunarstefnu og þar kemur fram að helstu markmið með útvistun er að draga úr kostnaði, minnka áhættu og/eða einfalda rekstur sjóðsins. Við mat á því hvort útvista eigi tilteknu verkefni skal meta áhættu með tilliti til reksturs, orðspors og samþjöppunar á markaði. Stefnan byggir m.a. á leiðbeinandi tilmælum FME nr. 6/2014 um útvistun hjá eftirlitsskyldum aðilum og leiðbeinandi tilmælum FME nr. 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila.

6.5. Áhætta tengd loftslagsbreytingum

Algengast er að skipta loftslagsáhættu í tvo meginflokka. Annars vegar er talað um raunlæga áhættu (e. physical risk) sem stafar beint af loftslagsbreytingunum sjálfum og hins vegar umbreytingaráhættu



(e. transition risk) sem kemur til vegna aðgerða til að stemma stigu við þeim. Slíkar aðgerðir geta t.d. leitt til minnkandi eftirspurnar eftir tilteknum vörum og þjónustu eða að ákveðnar eignir verði verðlausar.

6.5.1. Raunlæg áhætta

Skilgreining: Er sú áhætta sem stafar af loftslagsbreytingum á innviði samfélaga, rekstur fyrirtækja og opinberra aðila vegna breytinga á framboði á vatni, uppsprettu vatns og gæðum vatns; breytinga á fæðuöryggi; breytinga á líffræðilegum fjölbreytileika; hitabreytinga sem hafa neikvæð áhrif á landareignir aðila, starfsemi þeirra, aðfangakeðjur og öryggi starfsfólks.

Umfang áhættu: Eignir sameignardeildar LV voru 1.098 ma.kr. 30.9.2022. Eignirnar samanstanda af hlutabréfum, skuldabréfum og innlánnum fyrirtækja og opinberra aðila um heim allan. Loftslagsbreytingar geta haft bæði jákvæð og neikvæð áhrif á eignir, innviði og orðspor þessara aðila.

Eðli áhættu: Raunlæg áhætta getur verið atburðadrifin (e. acute) og komið til vegna langvarandi (e. chronic) breytinga á loftslagi.

Afstaða til áhættu: Um nokkurt skeið hefur sjóðurinn horft til atriða tengt umhverfispáttum við mat á fjárfestingarkostum. Nýlega hefur stjórn sjóðsins samþykkt stefnu um ábyrgar fjárfestingar þar sem skerpt er á áherslum í þessum málaflokki. Sjóðurinn mun í enn meira mæli en áður horfa til áhættaþátta tengt umhverfispáttum við mat á fjárfestingarkostum. Undirbúningur er hafinn að vinnu við að greina og leggja mat á áhættu tendri loftslagsbreytingum í samræmi við ráðleggingar Task Force on Climate-Related Financial Disclosure (TCFD).

Meðal annars til að bregðast við þessari áhættu hefur sjóðurinn mótað sér stefnu um útilokun úr eignasöfnum sjóðsins.

6.5.2. Umbreytingaráhætta

Skilgreining: Umbreytingar yfir í hagkerfi sem eru minna háð kolefni munu líklega hafa í för með sér víðtækar stefnubreytingar, breytingar á lögum og reglum, breytingar á tækni, breytingar á neyslunum og breytingar á mörkuðum. Það fer eftir eðli, hraða og áherslum þessara umbreytinga hver áhrifin verða á fyrirtæki, stofnanir, samfélög og hagkerfi.

Umfang áhættu: Eignir sameignardeildar LV voru 1.098 ma.kr. 30.9.2022. Eignirnar samanstanda af hlutabréfum, skuldabréfum og innlánnum fyrirtækja og opinberra aðila um heim allan. Loftslagsbreytingar geta haft bæði jákvæð og neikvæð áhrif á eignir, innviði og orðspor þessara aðila.

Eðli áhættu: Þær breytingar sem munu eiga sér stað til að mæta áskorunum sem tengjast loftslagsbreytingum geta haft í för með sér fjárhagslega- og orðsporsáhættu fyrir fyrirtæki og stofnanir og þess vegna haft áhrif á virði eigna sjóðsins.

Afstaða til áhættu: Um nokkurt skeið hefur sjóðurinn horft til atriða tengt umhverfispáttum við mat á fjárfestingarkostum. Nýlega hefur stjórn sjóðsins samþykkt stefnu um ábyrgar fjárfestingar þar sem skerpt er á áherslum í þessum málaflokki. Sjóðurinn mun í enn meira mæli en áður horfa til áhættaþátta tengt umhverfispáttum við mat á fjárfestingarkostum. Undirbúningur er hafinn að vinnu við að greina og leggja mat á áhættu tendri loftslagsbreytingum í samræmi við ráðleggingar Task Force on Climate-Related Financial Disclosure (TCFD).

Meðal annars til að bregðast við þessari áhættu hefur sjóðurinn mótað sér stefnu um útilokun úr eignasöfnum sjóðsins.



7. Áhættustýringarstefna

Sjóðurinn hefur mótað sér áhættustýringarstefnu sem er sett að fengnum tillögum yfirmanns áhættustýringar. Í stefnunni koma fram:

- a. skilgreiningar á hlutverkum og ábyrgð stjórnar, framkvæmdastjóra og annarra aðila er koma að framkvæmd stefnunnar,
- b. mælikvarðar áhættuvilja þar sem útlistað er á mælanlegan hátt hver áhættuvilji stjórnar er og hvert skilgreint áhættuþol sjóðsins er,
- c. helstu áhættuþættir sem felast í rekstri sjóðsins,
- d. aðferðir sem sjóðurinn styðst við, við mat á þeim áhættuþáttum sem áhættu- og áhættustýringarstefnurnar taka til og hvernig skýrslugjöf vegna þeirra er háttað
- e. upplýsingar um þá aðila sem sinna stjórnun einstakra áhættuþátta eftir því sem við á og hlutverk þeirra,
- f. upplýsingar um hvernig sjóðurinn leitast við að tryggja að allir starfsmenn séu meðvitaðir um mikilvægi áhættustýringar og hvernig sjóðurinn styður við viðeigandi áhættumeningu meðal starfsmanna sjóðsins.

8. Eigið áhættumat

Sjóðurinn framkvæmir eigið áhættumat a.m.k. árlega og í hvert sinn þegar miklar breytingar verða á áhættusniði sjóðsins. Í áhættumatinu er horft til helstu áhættuþátta í rekstri sjóðsins. Efnistöð áhættumatsins eru mismunandi frá einum tíma til annars og geta m.a. verið eftirfarandi:

Við áhættumatið er m.a. álagsprófum, sviðsmyndum og næmnigreiningum beitt eftir því sem við á.

Skýrsla um áhættumatið er kynnt stjórn sem rýnir ferlið og endurskoðar forsendur og niðurstöður. Skýrslunni er skilað til FME fyrir 30. júní ár hvert. Í skýrslunni kemur m.a. eftirfarandi fram:

- Greining á helstu áhættuþáttum í starfsemi sjóðsins
- Lýsing á aðferðum og forsendum sem notaðar voru við matið
- Sviðsmyndir og álagspróf sem sjóðurinn framkvæmdi
- Aðgerðir sem sjóðurinn hyggst grípa til ef áhætta raungerist
- Hvernig niðurstöður eru notaðar í daglegri starfsemi sjóðsins, svo sem ákvarðanatöku og endurskoðun á áhættustefnu og fjárfestingarstefnu
- Að ef sjóðurinn telur að frávík sem koma fram í áhættumatinu kalli ekki á aðgerðir skal greina sérstaklega frá því

Nánari útlitun á framkvæmd áhættumatsins er sett fram í verklagsreglu þar sem heildarferlinu er lýst. Ferlið við framkvæmd áhættumatsins er í samræmi við lýsingu á framkvæmd áhættustýringar í áhættustýringarstefnu.



Viðauki I – Skilgreiningar

Atvinnugreinaáhætta: Sú hætta að fjárfestingar sjóðsins séu of tengdar einni atvinnugrein á sama efnahagssvæðinu.

Ábyrgðaraðili áhættustýringar: Starfsmaður sjóðsins sem ber ábyrgð á starfssviði áhættustýringar.

Áhætta: Sjóðurinn skilgreinir áhættu í starfsemi sjóðsins til samræmis við skilgreiningu í ISO staðli 31000 sem áhrif óvissu á markmið. Áhrifin eru frávik frá því sem búist er við, bæði jákvæð og neikvæð, og eiga við um alla starfsemina.

Áhætta vegna upplýsingakerfa: Hér undir fellur bæði áhætta vegna vélbúnaðar og hugbúnaðar. Vél- og hugbúnaður sem sjóðurinn notar í daglegum rekstri þarf að standast kröfur og staðla um upplýsingaöryggi og til staðar þarf að vera viðbúnaðaráætlun sem tryggir áframhaldandi rekstur ef upplýsingakerfi verður óvirkt.

Áhætta vegna útvistunar: Hættan á að aðgerðir útvistunaraðila leiði til rekstrarerfiðleika fyrir sjóðinn eða hafi neikvæð áhrif á orðspor sjóðsins.

Áhætta tengd eigna- og skuldbindingajöfnuði: Hættan á að eignir mæti ekki skuldbindingum til lengri tíma, sem má til að mynda rekja til óhagstæðra markaðsbreytinga sem hafa önnur áhrif á eignir en skuldbindingar.

Áhætta vegna svika: Hætta á svikum sem valda sjóðnum tjóni, getur verið fjárhagslegt eða hefur áhrif á orðspor. Áhættan getur snúið að svikum starfsmanna eða utanaðkomandi aðila.

Áhættusnið (e. risk profile): Lýsing á samansafni áhættupátta

Áhættustefna (e. risk policy): Skjalfest stefna stjórnar um áhættu í starfsemi sjóðsins sem hún er reiðubúin að taka í samræmi við markmið og framtíðarsýn sjóðsins.

Áhættustýringarstefna (e. risk management policy): Skjalfest stefna um hvernig sjóðurinn hyggst hafa eftirlit með einstökum tegundum áhættu og fylgni milli áhættupátta.

Áhættuvilji (e. risk appetite): Sú áhætta sem stjórn er reiðubúin að taka.

Áhættuþol (e. risk tolerance): Sú áhætta sem -sjóðurinn þolir án þess að grípa þurfi til sérstakra aðgerða.

Eftirlitskerfi: Fjölpátta kerfi sem tekur til mannauðs, verklagsreglna, tölvukerfa og annarra aðfanga sem nauðsynleg eru til að hægt sé að sinna áhættustýringu og stjórnun áhættupátta á fullnægjandi hátt. Skilvirkt eftirlitskerfi samanstendur af stefnumörkun, aðferðum og skýrslugerð sem nauðsynleg eru til að greina, meta, vakta og stýra áhættu með reglubundnum hætti og í einstökum tilfellum. Það á að ná yfir alla efnislega áhættu og einstaka áhættupætti.

Fjárhagsleg áhætta: Hætta á fjárhagslegu tapi vegna breytinga á markaðsvirði eigna sjóðsins, þar á meðal breytinga á vöxtum, gengi gjaldmiðla eða virði hlutabréfa.

Gjaldmiðlaáhætta: Gjaldmiðlaáhætta felst í þeirri hættu á að sveiflur á gengi krónunnar annars vegar og erlendra myntkrossa hins vegar geti haft neikvæð áhrif á eignastöðu sjóðsins.

Landsáhætta: Hættan á að fjárfestingar sjóðsins séu of tengdar einu landi eða landssvæði.

Lausafjáraáhætta: Hættan á að -sjóðurinn hafi ekki yfir nægu lausu fé að ráða til að standa undir skuldbindingum sínum eða þurfi að selja eignir á óviðunandi verði.



Lífeyristryggingaáhætta: Hættan á að sjóðurinn vanmeti lífeyrisskuldbindingar sínar vegna vanmats eða óvissu tengdum lýðfræðilegum þáttum, svo sem forsendum um dánar- og örorkutíðni auk forsendna um vexti og verðbólgu.

Lýðfræðilega áhætta: Hættan á að lýðfræðileg samsetning sjóðfélaga breytist á þann veg að skuldbindingar hækki umfram áætlanir. Helstu áhrifaþættir eru lífslíkur og örorkutíðni, sem og hvort sjóðfélagi verði í sambúð og eignist barn.

Markaðsáhætta: Hættan á fjárhagslegu tapi eða óhagstæðum breytingum á fjárhagslegri stöðu sem stafa beint eða óbeint af sveiflum á virði eigna.

Mótaðilaáhætta: Hættan á fjárhagslegu tapi ef útgefandi fjármálagernings eða tengdur aðili stendur ekki við umsamdar skuldbindingar sínar eða hættan á fjárhagslegu tapi af fjárfestingu sjóðsins í útgefanda og tengdum aðilum.

Orðsporsáhætta: Hættan á að orðspor sjóðsins bíði hnekki. Orðsporsáhætta og iðgjaldaáhætta eru tengdar að því leyti, að ef sjóðurinn fær á sig slæmt umtal getur það leitt til þess að iðgjöld dragast saman. Þá getur slæmt umtal leitt til þess að rétthafar séreignar flytji eign sína til annarra sjóða, sem getur aukið lausafjárahættu.

Pólitísk áhætta: Áhættan af því að aðgerðir eða aðgerðarleysi stjórnvalda auki lífeyrisbyrði sjóðsins, auk annarra neikvæðra áhrifa sem óvissa um mögulegar stjórnvaldsaðgerðir kann að skapa. Undir þetta falla breytingar á lögum eða reglum um starfsemi eða túlkun þeirra sem valda verulegum breytingum á starfsemi. Þetta kunna t.d. að vera breytingar á lögum um lífeyrissjóði, uppgjörsglum, skattalögum, lögum um aðra aðila sem hafa áhrif á starfsemi sjóðsins, eftirliti og eftirlitsreglum, heimildum til fjárfestinga o.s.frv.

Raunlæg áhætta (tengd loftslagsbreytingum): Er sú áhætta sem stafar af loftslagsbreytingum á innviði samfélaga, rekstur fyrirtækja og opinberra aðila vegna breytinga á framboði á vatni, uppsprettu vatns og gæðum vatns; breytinga á fæðuöryggi; breytinga á líffræðilegum fjölbreytileika; hitabreytinga sem hafa neikvæð áhrif á landareignir aðila, starfsemi þeirra, aðfangakeðjur og öryggi starfsfólks.

Rekstraráhætta: Hættan á fjárhagslegu tapi og/eða áhrif á orðspor sjóðsins vegna ófullnægjandi innri kerfa, stefnu eða verkferla, háttsemi starfsmanna eða ytri þátta.

Réttindaflutningsáhætta: Hættan á að sjóðfélagar flytji réttindi sín úr sjóðnum (á við séreignarréttindi).

Samþjöppunaráhætta: Heildaráhætta í eignasafni sjóðsins á tiltekinn mótaðila og aðila tengdum honum.

Skjalaáhætta: Hættan á tapi vegna ófullnægjandi samningsgerða eða skilmála.

Starfsmannaáhætta: Almenn hættan á að uppsagnir eða veikindi starfsmanna leiði til rekstrarerfiðleika. Starfsmannaáhætta tekur einnig til mistaka starfsmanna.

Starfssvið áhættustýringar: Framkvæmd eftirlitsverkefna með áhættu með hliðsjón af starfsemi sjóðsins.

Stjórnarhættir: Stjórnarhættir snúa að samskiptum, hlutverkum og ábyrgð stjórnar, stjórnenda og starfsmanna sín á milli og gagnvart öðrum hagsmunaaðilum og hvernig þessir aðilar vinna sameiginlega að því að ná fram markmiðum sjóðsins. Stjórnarhættir fela í sér fylgni við góðar venjur og viðmið sem varða markmið og stefnur sjóðsins, hvernig rekstur hans er skipulagður, skilgreiningu á hlutverkum og ábyrgð, virkni innra eftirlits og hvernig upplýsingaflæði er háttað innan sjóðsins.



Umbreytingaráhætta (tengd loftslagsbreytingum): Umbreytingar yfir í hagkerfi sem eru minna háð kolefni munu líklega hafa í för með sér víðtækar stefnubreytingar, breytingar á lögum og reglum, breytingar á tækni, breytingar á neysluvenjum og breytingar á mörkuðum. Það fer eftir eðli, hraða og áherslum þessara umbreytinga hver áhrifin verða á fyrirtæki, stofnanir, samfélög og hagkerfi.

Uppgreiðsluáhætta: Hættan á því að skuldabréf verði greitt upp fyrir lokagjalddaga og sjóðurinn fái ekki þá ávöxtun sem gert var ráð fyrir við fjárfestingu.

Úrskurðaráhætta lífeyris: Hætta á að lífeyrisúrskurðir séu ekki samkvæmt samþykktum. Kerfisbundin villa í úrskurði lífeyris, sem er í ósamræmi við samþykktir sjóðsins, getur gefið ranga mynd af stöðu sjóðsins og leitt til endurkrafna. Þá getur túlkun samþykktu falið í sér áhættu.

Útlánaáhætta: Sú áhætta að mótaðilar standi ekki skil á greiðslum af fjármálagerningum eða vegna samninga sem fela í sér útlánaígildi (e. credit exposure). Dæmi um slíka fjármálagerninga eru skuldabréf, víxlar, skuldaviðurkenningar og innlán, en dæmi um aðra samninga sem geta falið í sér útlánaígildi eru afleiðusamningar.

Vaxta- og endurfjárfestingaráhætta: Hættan á að breytingar á vöxtum og lögun vaxtaferils leiði til lækkunar á virði skuldabréfa. Ef vextir hækka getur sjóðurinn þurft að innleysa gengistap við sölu á skuldabréfum sem keypt voru á lægri vöxtum. Jafnframt getur lækkandi vaxtaumhverfi leitt til lægri kaupávöxtunarkröfu nýrra skuldabréfa þegar núverandi skuldabréf eru á gjalddaga og þegar fjárfest er fyrir innflæði (endurfjárfestingaráhætta).

Verðbólguáhætta: Er sú hættu að verðbólga valdi hækkun á lífeyrisskuldbindingum umfram raunávöxtun óverðtryggðra eigna.